

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	12.5.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Fulltrúi UST	Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Örn Guðmundsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerðar voru athugasemdir við afmörkun svæðis sem notað er til hráefnisgeymslu og að ekki er búið að kanna hvort að moltugerð á plani sé háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Ekkert frárennsli kemur frá verksmiðjunni ef frá er talið frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Allt affallsvatn er leitt í lokað endurnýtingarkerfi. Öll olíuskipti á vélum fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Skv. gr. 3.1. í starfsleyfi skulu mengunarmælingar í útblæstri fara fram annað hvert ár. Mælingar voru síðast gerðar í desember 2013 og voru niðurstöður þeirrar mælingar allar innan marka starfsleyfis. Mælt verður aftur nú í haust og sendir rekstraraðili niðurstöður þeirra mælinga til eftirlitsaðila um leið og þær berast.

Minnt er á skráningar skv. gr. 3.2. í starfsleyfi.

Búið er að skila inn Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi og ekki gerðar athugasemdir þar.

Farið var yfir sorpmál og jarðgerð. Enginn úrgangur er sendur í urðun á vegum fyrirtækisins. Afgangsefni og gjall er mulið og endurnýtt og steinull til síunnar á útblæstri er jarðgerð á lóð fyrirtækisins. Jarðgerðin gengur vel og er moltan geymd á lóð fyrirtækisins og einhverju hefur verið keyrt upp á gamlan urðunarstað við bæinn og nota á hana sem yfirlag.

Ekki er búið að ganga frá forðageymslum utandyra og eru þær enn afmarkaðar með gámastæðum. Búið er að gera samning við Steypustöð sem staðsett er á næstu lóð, um að steypa veggir fyrir hráefnisgeymslur. Sú vinna er hafin og verður byrjað á framkvæmd við uppsetningu skilrúmma nú í sumar. Rekstraraðili sendir myndir til eftirlitsaðila að verki loknu. Greina mátti fok fínefna á plani og í nágrenni verksmiðjunnar. Planið hefur ekki verið sópað nú í vor og er lóðin að koma undan snjó. Frágangur lóðar var snyrtilegur.

Rætt var um stöðuna á lóðarmálum frá því í fyrri skýrslum. Skv. gr. 2.6 í starfsleyfi ber að takmarka aðgang óviðkomandi og geymsla hráefna vera á afmörkuðu svæði. Ekki hefur verið hægt að hefja vinnu við að girða lóðina af þar sem lóðarmál hafa verið ófrágengin hjá sveitarfélaginu. Nú eftir áramótin var lóðinni úthlutað til rekstraraðila og verður farið í að girða lóðina af nú í haust. Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila myndir því til staðfestingar að verki loknu.

Gott viðhald er á verksmiðjunni og búið er að endurnýja allar ryksíur frá síðasta eftirliti.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða heilbrigðisnefnd varðandi starfsemi fyrirtækisins og engin óhöpp hafa orðið á árinu. Engin eldur hefur komið upp í reyk háfum frá síðasta eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð hvað varðar gr. 2.6 í starfsleyfi en geymsla hráefna skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður. Nú hafa lóðarmálin verið leyst og verður hafist handa í haust, við að girða lóðina af.

Athugasemd er gerð við það að ekki hefur verið kannað hjá Heilbrigðiseftirlitinu hvort að sú aðstaða sem notast er við í dag varðandi moltugerðina sé starfsleyfisskild hjá Heilbrigðiseftirliti.

ANNAÐ

Aukning er á framleiðslu fyrirtækisins og hafa verið settar á þrjár vaktir frá því í apríl en undanfarið hefur einungis verið unnið á tveimur vöktum.


Olía er notuð til að þurrka sandinn til vinnslunnar og eins og staðan er í dag þá er það hagkvæmari kostur heldur en rafmagnsþurrkun.

Minnt er á að halda skal samráðsfund í tengslum við eftirlit næsta árs. Rekstraraðili sér um að boða á þann fund.

Samhliða reglubundnu eftirliti fór fram efnavörueftirlit.

Viðstaddur eftirlitið var Rafn Ingi Rafnsson

Reykjavík, 21.05.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.